

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skrifstofa skattamála
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 13. febrúar 2019

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/1998 um bindandi álit í skattamálum, með síðari breytingum

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/1998 um bindandi álit í skattamálum, með síðari breytingum, sem birt var á Samráðsgátt stjórnvalda þann 31. janúar sl.

Samtökin vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemduum við frumvarpið. Inntak b-liðar 2. gr. frumvarpsins er breyting á 6. gr. nágildandi laga þannig að gildistími bindandi álita sem ríkisskattstjóri gefur út samkvæmt 4. gr. verður fimm ár. Hafi álitsbeiðandi ekki farið í þær ráðstafanir sem fjallað er um í álitinu innan þess tíma fellur það niður. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um tímabindingu álita.

SA leggja til að bætti verði við ákvæðið heimild í ákveðnum tilvikum til þess að fram lengja gildi álita umfram þessi fimm ár. Í framkvæmd eru bindandi álit að mestu notuð af ráðgjöfum við ráðleggingar til viðskiptavina sinna. Verði gildistími takmarkaður við fimm ár hefur álitsbeiðandi enga tryggingu fyrir því að nýtt álit, sem hann þyrfti að sækja um að hinum fimm árum liðnum, verði ekki þvert á fyrra álitið. Því væri eðlilegra að hafa inni í ákvæðinu heimild til þess að fram lengja álit að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir lögmaður